



Reykjavík 23.03.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 22. mars 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Samningur um innheimtu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. mars 2017, ásamt samningi bílastæðasjóðs og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 23. febrúar 2017, um innheimtu og úrvinnslu vegna stöðvunarbrotagjalda Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur.

Kolbrún Jónatansdóttir framkv.stj. tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Samþykkt.

Visað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Harri Ormarsson

Fylgiskjöl: bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. mars 2017 og samningur bílastæðasjóðs og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 23. febrúar 2017

Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Hjálmar Sveinsson, formaður
Borgartúni

Reykjavík 10. mars 2017

Erindi: Samningur um innheimtu

Lagt er til að umhverfis og skipulagsráð samþykki að leggja fyrir borgarráð til staðfestingar samning við Bílastæðasjóð um úrvinnslu og innheimtu stöðubrotsgjalda sem lögreglan leggur á ökutæki í nágrannasveitafélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta samstarf hefur staðið yfir frá árinu 2010 og var gerður tímabundinn samningur til að byrja með en staðið lengi til að ljúka endanlegum samningi.

Tekjunum að frádregnum kostnaði við innheimtuna er skilað í ríkissjóð.

Kolbrún Jónatansdóttir

framkvæmdastjóri

Hjálagt:

Samningur við Lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu

SAMNINGUR
um innheimtu og úrvinnslu vegna stöðvunarbrotagjalda LRH utan Reykjavíkur

Bílastæðasjóður Reykjavíkur, kt. 501170-0119, og Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu kt.531006-2320, gera með sér eftirfarandi samning um úrvinnslu og innheimtu stöðubrotsgjalda í sveitarfélögunum Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi:

1. Bílastæðasjóður tekur að sér innheimtu og úrvinnslu stöðubrotsgjalda í ofangreindum sveitarfélögum fyrir hönd Lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu frá og með 1. ágúst 2010.
2. Af hverju stöðubrotsgjaldi sem lögreglan leggur á ökutæki og fæst innheimt er greitt til Ríkissjóðs upprunalegt gjald á afsláttarverði (þriggja daga staðgreiðsluafsláttur) að frádregnum föstum kostnaði vegna þjónustugjalda við hvert gjald sem í dag er að fjárhæð 210 kr en gæti tekið breytingum. Í þeim tilfellum sem óskað er eftir endurupptöku á stöðubrotsgjaldi fellur hluti Ríkissjóðs í því gjaldi niður. Í tilfellum þar sem gjald fæst ekki innheimt s.s. við gjaldþrot eða ökutæki ónýttist, fellur hluti Ríkissjóðs í gjaldinu niður.
3. Bílastæðasjóður tekur á móti beiðni um endurskoðun álagningar, sendir á viðkomandi embættið, sér um úrvinnslu og samskipti við málsaðila þegar ákvörðun lögreglunnar liggur fyrir. Sé þörf á frekari gögnum ber lögreglunni að afla þeirra. Sé óskað eftir rökstuðningi sendir Bílastæðasjóður það áfram til embættisins en sér um að senda hann til málsaðila þegar rökstuðningur liggur fyrir.
4. Bílastæðasjóður mun sjá um hönnun og prentun álagningarseðla og bera kostnað af þeirri vinnu.
5. Uppgjör skal fara fram á milli aðila á 6 mánaða fresti, þann 15. janúar og 15. júlí ár hvert.
6. Hvor samningsaðilanna getur sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara.
7. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
8. Samningur þessi er undirritaður með fyrirvörum um samþykki umhverfis- og skipulagsráðs, staðfestingu borgarráðs, samþykkis innanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

Reykjavík, 23.022017

f.h. Bílastæðasjóðs Reykjavíkur

f.h. Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

Kolbrunn Jóns Þans

Halldór Halldórsson



Reykjavíkurborg

Bílastæðasjóður

Sími 411-3400

Kt. 501170-0119

Vottar að rétttri dags. og undirskrift

[Handwritten Signature]

140472-5309

Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Hjálmar Sveinsson, formaður
Borgartúni

Reykjavík 10. mars 2017

Erindi: Samningur um innheimtu

Lagt er til að umhverfis og skipulagsráð samþykki að leggja fyrir borgarráð til staðfestingar samning við Bílastæðasjóð um úrvinnslu og innheimtu stöðubrotsgjalda sem lögreglan leggur á ökutæki í nágrannasveitafélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta samstarf hefur staðið yfir frá árinu 2010 og var gerður tímabundinn samningur til að byrja með en staðið lengi til að ljúka endanlegum samningi.

Tekjunum að frádregnum kostnaði við innheimtuna er skilað í ríkissjóð.

Kolbrún Jónatansdóttir

framkvæmdastjóri

Hjálagt:

Samningur við Lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu

SAMNINGUR

um innheimtu og úrvinnslu vegna stöðvunarbrotagjalda LRH utan Reykjavíkur

Bílastæðasjóður Reykjavíkur, kt. 501170-0119, og Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu kt.531006-2320, gera með sér eftirfarandi samning um úrvinnslu og innheimtu stöðubrotsgjalda í sveitarfélögunum Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi:

1. Bílastæðasjóður tekur að sér innheimtu og úrvinnslu stöðubrotsgjalda í ofangreindum sveitarfélögum fyrir hönd Lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu frá og með 1. ágúst 2010.
2. Af hverju stöðubrotsgjaldi sem lögreglan leggur á ökutæki og fæst innheimt er greitt til Ríkissjóðs upprunalegt gjald á afsláttarverði (þriggja daga staðgreiðsluafsláttur) að frádregnum föstum kostnaði vegna þjónustugjalda við hvert gjald sem í dag er að fjárhæð 210 kr en gæti tekið breytingum. Í þeim tilfellum sem óskað er eftir endurupptöku á stöðubrotsgjaldi fellur hluti Ríkissjóðs í því gjaldi niður. Í tilfellum þar sem gjald fæst ekki innheimt s.s. við gjaldþrot eða ökutæki ónýttist, fellur hluti Ríkissjóðs í gjaldinu niður.
3. Bílastæðasjóður tekur á móti beiðni um endurskoðun álagningar, sendir á viðkomandi embættið, sér um úrvinnslu og samskipti við málsaðila þegar ákvörðun lögreglunnar liggur fyrir. Sé þörf á frekari gögnum ber lögreglunni að afla þeirra. Sé óskað eftir rökstuðningi sendir Bílastæðasjóður það áfram til embættisins en sér um að senda hann til málsaðila þegar rökstuðningur liggur fyrir.
4. Bílastæðasjóður mun sjá um hönnun og prentun álagningarseðla og bera kostnað af þeirri vinnu.
5. Uppgjör skal fara fram á milli aðila á 6 mánaða fresti, þann 15. janúar og 15. júlí ár hvert.
6. Hvor samningsaðilanna getur sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara.
7. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
8. Samningur þessi er undirritaður með fyrirvörum um samþykki umhverfis- og skipulagsráðs, staðfestingu borgarráðs, samþykkis innanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

Reykjavík, 23.022017

f.h. Bílastæðasjóðs Reykjavíkur

f.h. Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

Kolbrunn Jónasson

Halldór Helldal



Reykjavíkurborg

Bílastæðasjóður

Sími 411-3400

Kt. 501170-0119

Vottar að rétttri dags. og undirskrift

[Handwritten signature]

140472-5309